

STARFSLÝSING

Yfirmaður er forstöðumaður þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar Fjarðabyggðar

Starfið felur í sér hafnarvörslu, vigtun og þjónustu við viðskiptavini hafnarinnar, auk annarra hafnarstarfa. Starfið er lifandi og kallar á mikil samskipti við fólk og fyrirtæki.

1. Meginviðfangsefni

- Þjónusta við viðskiptavini Fjarðabyggðarhafna í einstökum starfsstöðvum.

2. Helstu verkefni

- Þjónusta við viðskiptavini hafnarinnar s.s. binda og losa skip við komur og brottfarir, afgreiðsla vatns, og rafmagns, sorphirða frá skipum, vigtunn o.fl..í samvinnu við hafnarverði.
- Viðhaldsverkefni á veitusviði, s.s. Rafveitu Reyðarfjarðar og Hitaveitu Fjarðabyggðar.
- Viðhaldsverkefni tækjamiðstöðvar.
- Skráning afla í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.
- Viðhald hafnarbakka og annarra hafnarmannvirkja
- Tilkynning til yfirhafnarvarðar um bilanir og slit til undirbúnings viðhaldi.
- Viðhald öryggisbúnaðar hafnarinnar.
- Hreinsun og snyrting hafnarbakka og hafnarsvæða.
- Snjó- og hálkueyðing af hafnarbökkum, bryggjuköntum, pollum og bílvog.
- Þrif í starfsstöð og ábyrgð á að umhverfi sé snyrtilegt og vel um gengið. Tækjum, bílum og verkfærum skal raða skipulega upp.
- Eftirlit og umsjón með skipakomum, vöruflutningum og öðru því sem um höfnina fer, skráning þeirra.
- Stjórn á umferð skipa um höfnina og ákvörðun um legustað þeirra, færsla innan hafnar.
- Aðgangsstýring að hafnarsvæðinu og útgáfa aðgangskorta í samráði við yfirmann.
- Aðstoð á dráttarbáti.
- Reikningsfærsla fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustu hafnarinnar og annað sem tilheyrir reikningagerð.
- Staðfesting útgjalda sem hann stofnar til vegna hafnarinnar.

2.1 Fjármál

- Staðfesting útgjalda á kostnaðarstöðum sem hann ber ábyrgð á og eftirlit með framvindu fjárhagsáætlunar.

2.2 Samskipti

- Við aðra starfsmenn Fjarðabyggðarhafna og framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar
- Við viðskiptavini hafnarinnar

2.3 Önnur verkefni

- Tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

2.4 Sérstök ákvæði

- Samstarf hafna og framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar er í mótun og starfslýsing kann að taka breytingum.

3. Hæfis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Menntun sem nýtist í starfi
- Hafngæslumannsréttindi í hafnarvernd. kostur
- Vigtarréttindi. kostur
- Bílpróf

3.2 Hæfnisþættir

- Góð íslensku kunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.

Skírteini til staðfestingar prófum og réttindum, auk sakavottorðs skal fylgja umsókn. Starfsvettvangur er hafnir innan Fjarðabyggðar, en meginstarfsstöð er Norðfjarðarhöfn